



Skýrsla stjórnar Landvarðafélagsins árið 2020

Núverandi stjórn Landvarðafélagsins var kjörin á aðalfundi félagsins 3. apríl 2019. Stefanía Ragnarsdóttir lét af formennsku eftir að hafa gegnt formennsku síðast liðin 1. ár. Anna Þorsteinsdóttir var kjörin til tveggja ára ásamt Nínu Aradóttur og Valdimari Kristjánssyni sem komu ný inn í stjórn. Stefanía og Sævar Þór Halldórsson sátu áfram í stjórn.

Á fyrsta fundi stjórnar 29. apríl var Stefanía skipuð gjaldkeri og Nína ritari stjórnar. Formlegir stjórnarfundir yfir árið voru tólf. Fundir fóru til að byrja með fram á heimili Önnu í Kópavogi og Sævar og Valdimar tóku þátt í gegn um fjarfundarbúnað. Smá saman færðust fundirnir alfarið yfir á fjarfundarbúnað sérstaklega þegar Stefanía flutti austur í Örfæfasveit. Þá sáu Anna og Nína enga ástæðu fyrir því að hittast lengur. Það var því auðvelt fyrir stjórn að aðlagast breyttum aðstæðum þegar neyðarstig almannavarna vegna Covid-19 tók gildi. Fundir fóru fram mánaðarlega nema yfir sumartíman og desember. Aukafundir voru þegar þess þurfti vegna sértækra verkefna og ákvarðana sem þurfti að taka. Einnig var einn tveggja daga vinnufundur haldinn í Vatnsdal í Húnavatnssýslu þar sem allir stjórnarmeðlimir nema Valdimar mættu. Hann var haldin í september og markmiðið var að leggja línurnar fyrir veturinn.

Tíma tók fyrir nýjan formann að setja sig inn í hlutverkið og störf stjórnar fóru rólega af stað. Í upphafi sumars fengum við birta grein um utanvegaakstur á vefmiðlinum Kjarnanum sem fékk þó nokkra lesningu en síðan hægðist á störfum stjórnar yfir sumarið eins og venja er. Í júlí var sent út fréttabréf til allra félaga sem mældist vel fyrir. Í ágúst fóru Stefanía Ragnarsdóttir og Stefanía Eir Vignisdóttir á ferðina um landið ásamt Gasa Kenny og tóku upp efni fyrir kynningar myndböndin Landvarðalíf á fimm mismunandi starfsstöðum landvarða.

Í lok september skipulagði fræðslu- og skemmtinefndin haustferð upp að Lakagígum. Það var lagt af stað snemma á laugardagsmorgun og komið heim seint á sunnudagskvöld. Það er skemmst frá því að segja að veðrið og svæðið lék við hópinn svo mikið, að ekki var hægt að hætta að skoða og njóta.

Í nóvember fór svo þrettán manna hópur íslenskra landvarða á Alþjóðlegu landvarðaráðstefnuna í Nepal. Á ráðstefnunni héldu Hrafnhildur Ævarsdóttir og Linda Björk Hallgrímsdóttir erindi um hátt hlutfall kvenna í landvörslu á Íslandi, að eigin frumkvæði. Virkilega flott framtak hjá þeim og hvetjum við fleiri sem vilja leggja sitt að mörkum að koma með hugmyndir að erindum sem gætu átt heima á ráðstefnum sem þessum. Landvarðafélagið mun leggja sitt að mörkum við að aðstoða við svona verkefni.

Í nóvember hélt fræðslu- og skemmtinefnd krásvar á Loft Hostel þar sem góður hópur landvarða mætti og vann til góðra verðlauna. Í janúar hélt nefndin fyrstu skemmti- og fræðslugönguna fyrir landverði og aðra á höfuðborgarsvæðinu. Gengið var um friðlýst svæði í Fossvoginum. Á þessum tímamarki var búið að vera stormur í margar vikur og var ákveðið að halda gönguna þrátt fyrir staðbundna gula viðvörðun. Mætingin var vonum framar og mættu sex landverðir og einn ótengdur í gönguna sem endaði í mat í Bragganum. Þetta mæltist vel fyrir í hópnum og var önnur ganga í febrúar í ögn minni vind en meiri snjó. Þá var Vífilsstaðavatn heimsótt og var mætingin í þá ferð einnig framar vonum en hópurinn lagði samt ekki í mikla göngu sökum veðurs. Í þá göngu mætti Ásta K. Davíðsdóttir

landvörður á höfuðborgarsvæðinu og einnig starfsmaður Garðarbæjar sem sinnir friðlýstum svæðum innan sveitarfélagsins. Það urðu því áhugaverðar samræður um Vífilstaðavatn í snjóbylnum þetta eftirmiðdegi í febrúar. Því miður urðu ekki fleiri göngur þetta vorið vegna Covid-19.

Í janúar ákvað stjórn að taka næstu skref í utanvegaaksturs verkefninu sem félagið hlaut styrk fyrir. Styrkurinn var að mestu ætlaður í laun 1-2 tveggja stjórnarmanna. Upphaflega var þó planið að fá utanaðkomandi aðila til að taka að sér verkefnið en að lokum var ákveðið að Anna tæki verkefnið að sér sem er nú að lokametrunum. Hluti að verkefninu var meðal annars að senda út könnun til landvarða varðandi utanvegaakstur í störfum landvarða.

Í febrúar fór fram málþing um menntun landvarða. Það var haldið í sal á Hótel Íslandi en þinginu var einnig varpað til félaga yfir veraldarvefinn. Í salinn mætu yfir 40 og mest fylgdust 25 með á netinu og þeim stóð einnig kostur á að taka þátt að hluta í gegnum netið. Málþingið þótti takast vel og hafa niðurstöður nú verið teknar saman og verða kynntar á aðalfundi. Þeim verður síðan komið áleiðis til allra þeirra stofnana sem koma að menntun og fræðslu landvarða. Guðmundur Ingi Guðbrandsson Umhverfis- og auðlindaráðherra opnaði þingið og í hléi var fyrsta kynningamyndbandið af Landvarðalífi frumsýnt. Fyrir aðalfund hafa síðan þrjú af fimm myndböndum verið frumsýnd.

Í lok febrúar greindist svo fyrsta Covid-19 smitið á Íslandi og í mars var neyðarstigi lýst yfir. Það gerði það að verkum að stjórn þurfti að fresta viðburðum og aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Boðaður aðalfundur 3. apríl á Þingvöllum var því frestað tímabundið og síðar boðaður aftur 8. apríl. Í byrjun apríl stóð stjórn fyrir öðru krásvari í gegn um fjarfundarbúnað sem var vel sótt og endaði það með spjalli fram á nótt. Í lok apríl var síðan ákveðið að öruggast væri að breyta aðalfundi í fjarfund og færa dagskráliði sem áttu að vera á aðalfundi yfir á nokkra fjarfundi. Sá fyrsti var 29. apríl þar sem nýr kjarasamningur Starfsgreinasambandsins var kynntur fyrir landvörðum.

Samhliða viðburðum hefur stjórn landvarðafélagsins sinnt ýmsum verkefnum. Stjórn hefur meðal annars sent frá sér sex umsóknir inni samráðsgátt alþingis flest öll tengd málefnum Hálandisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar. Skemmti- og fræðslunefnd hefur eins og kemur fram staðið fyrir fimm viðburðum í vetur sem hefðu verið fleiri ef ekki væri fyrir samkomubann. Vinna alþjóðanefndarinnar var að mestu tengd ráðstefnunni í Nepal og síðan áætluð Evrópuráðstefna í Þýskalandi nú í maí en henni hefur verið frestað. Kjara- og launanevnd ræddu sín á milli en nú hafa nýjir kjarasamningar verið samþykktir með töluverðum breytingum, meðal annars á vaktafyrirkomulagi, sem mun hafa áhrif á störf landvarða. Stjórn hefur þar af leiðandi rætt á fundi að nú þurfi að einbeita sér meira að kjaramálum landvarða og verður það hlutverk nýrrar stjórnar og nefndar að vinna saman að því.

Stjórn reyndi markvist að vekja athygli á félaginu og landvörðum. Þar ber helst að nefna myndböndin Landvarðalíf. Einnig jukum við töluvert fylgjenda fjölda okkar á samfélagsmiðlum. Anna fór í spjall í útvarpsþættinum Samfélagið á Rás 1 í janúar og var tekin í viðtöl í tveimur þáttum á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Landvarðafélagið var kynnt eins og venjulega á námskeiði Umhverfisstofnunar og í ár voru störf landvarða einnig kynnt í nemendafélaginu Fjallinu í Háskóla Íslands og fyrir nemendum í Leiðsögumannaskólanum í MK. Stjórn er einnig með plön um að gera Hlaðvarp en það frestaðist ögn vegna anna og Covid en verður vonandi fylgt eftir af næstu stjórn. Stjórn hefur fundið fyrir miklum meðbyr með landvörðum seinustu misseri, það fyllist inn á landvarðanámskeið UST á nokkrum mínútum í janúar og almennt virðist sem að meiri þekking og virðing sé á störfum landvarða og það er eitthvað sem nauðsynlegt er að nýta til að efla starfið áfram inn í spennandi framtíð.